

Vorþing Kvennalistans 1990.

## KVENNALISTINN Í KÓPAVOGI - BÆJARSTJÓRNARKOSNINGAR 1990

### AÐDRAGANDI.

Í byrjun janúar hittust nokkrar kvennalistakonur í Kópavogi til þess að ræða hvort huga ætti að framboði í n.k. bæjarstjórnarkosningum. Fjöldi kvennalistakvenna í Kópavogi var mjög óljós. U.p.b. 6 konur höfðu verið virkar í starfi Kvennalistans fram til þessa, en sérstakur Kvennalisti í Kópavogi hafði aldrei verið til. Ákveðið var að fara yfir félagatal Kvennalistans og senda öllum konum skráðum í Kópavogi fundarboð. Þær reyndust vera ca 50. Þetta var gert og mættu ca 15 konur á fyrsta fundinn þann 30. janúar. Ekki reyndist unnt að taka ákvörðun um framboð á þessum fyrsta fundi (kom í ljós síðar að mjög erfitt reyndist að taka ákvörðunina þrátt fyrir mikinn áhuga kvenna) og voru í framhaldi af honum haldnir margir undirbúningsfundir. Á þessa fundi mættu alltaf að hluta til sömu konurnar en að hluta til nýjar í hvert skipti.

8. mars var haldinn fundur í félagsheimili Kópavogs þar sem öllum konum í Kópavogi var boðið að koma. Það var fjölmennur og líflegur fundur og kom fram mikill áhugi á að Kvennalistinn byði fram í bæjarstjórnarkosningunum.

Um þetta leyti skiptu áhugasamar konur sér í hópa og kynntu sér störf hinna ýmsu nefnda í Kópavogi og ýmsa málaflokka og unnu upp drög að stefnuskrá. 3. apríl var svo haldinn fundur þar sem þessi drög voru lesin saman og endanleg ákvörðun tekin um framboð. Þessir fundir fóru fram á ýmsum stöðum í bænum, í félagsheimilum, skólum og á heimilum.

Ef satt skal segja reyndist mjög erfitt að taka þessa ákvörðun og lágu til þess ýmsar ástæður, m.a. sú að Kópavogur hefur þann stimpil að vera svokallaður félagsmálabær.

## KOSNINGASTARFIÐ

9. apríl var síðan haldinn fundur þar sem kosningastarfið var sett á fulla ferð. Skipað var í ýmsar nefndir og myndaðir hópar s.s. húsnæðisnefnd, uppstillingarnefnd, stefnuskrárnefnd, blaðahópur, kosninganefnd, kennaskólanefnd, ráðin kosningastýra og gerð tilraun til að mynda fjároflunarhóp en það tókst ekki og voru fjármálin að mestu í höndum kosningastýru. Kosninganefndin virkaði líka illa.

Vel gekk að útvega húsnæði. Við leigðum fyrrverandi hannyrðaverslun í Hamraborg 20 frá 15. apríl til 1. júní og vorum þar með komnar á sama svæði og flokkarnir fjórir.

Nú fór fyrst virkilega að færast líf í tuskurnar. Hafist var handa um að gera allt í einu. Við vildum gera margt en tíminn sem við höfðum var stuttur svo við ákváðum að sniða okkur stakk eftir vexti og ráðast ekki í hluti sem yrðu okkur ofviða.

Við byrjuðum á því að raða upp á lista, 22 konum. Það gekk ótrúlega vel og má segja að færri hafi komist að en vildu, a.m.k. á neðri hluta listans. Vorum með skoðanakönnun og reyndum að hafa breidd í aldri og menntun. Vegna þess hve margar nýjar konur voru með buðum við upp á Kvennaskóla og fengum Guðnýju Guðmundsdóttur, Kristínu Ástgeirs dóttur, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Helgu Sigurjónsdóttur til að fara í gegnum kvennasögu og hugmyndafræði Kvennalistans með okkur. Stefnuskrárvinnan hélt áfram alveg fram á síðasta dag, alltaf eitthvað nýtt að koma upp, "floksa sorp í heimahúsum" o.s.frv.. Við gáfum hana aldrei formlega út - lá frammi - birtum mest úr henni í blöðunum. Við gáfum út tvö blöð, nokkur dreifibréf, m.a. til ungra kjósenda og aldraðra, sem við bárum út sjálfar. Við skrifuðum greinar í dagblöðin, tókum þátt í sameiginlegum framboðskynningum í ríkisútvarpinu, sjónvarpinu, á Aðalstöðinni og borgarafundi í Kópavogi. Við héldum sjálfar kosningafund með menningarlegu ívafi fyrir Kópavogsþúa.

Opið hús, vöflur. Til fjároflunar vorum við með summarblóamsölu í Hamraborginni, flóamarkað og seldum hver annarri ýmsan varning á skrifstofunni.

Það var mikið unnið þessar 6 vikur og má segja að margar listakonurnar hafi haldið til á skrifstofunni þennan tíma. En hvaða konur voru þetta sem voru að starfa svona náið og mikið saman? Jú, þetta voru konur á aldrinum tuttugu ára til sjötugs, flestar þó líklega á bilinu 30 til 45. Mikill meirihluti framboðslistans voru konur sem fyrir utan að vera húsmæður og mæður gegna kennslu- og uppeldisstörfum. Stundum spunnust liflegar umræður um kosti og galla þess. Fæstar þekktust áður en hafist var handa og höfðu ekki unnið með Kvenalistanum áður. Þó voru þarna nokkrar er höfðu unnið með Kvennalistanum frá upphafi.

Hvernig gekk svo samstarfið? Að mínu mati gekk það ótrúlega vel, í raun má segja að flest hafi gengið upp sem við byrjuðum á - nema kannski úrslit kosninganna. Viðbrögð almennra kjósenda í Kópavogi á meðan á kosningabaráttunni stóð voru mjög góð og ég held að við höfum flestar búist við að koma a.m.k. einni konu inn. Helsta gagnrýnin var sú að við værum ekki nógu harðar og ákveðnar og of almennar.

Viðbrögð fjórflokkanna voru aftur á móti ekki eins góð enda ekki við því að búast. Til að byrja með minntust þeir ekki á okkur en undir lok kosningabaráttunnar réðust einkum konurnar í Alþýðubandalaginu og Framsókn mjög harkalega gegn Kvennalistanum og að konum yfirleitt og lýsti allt tal þeirra mikilli kvenfyrirlitningu.

Skyringarnar á niðurstöðum kosninganna eru eflaust margar. "Félagsmálabærinn" Kópavogur þarf kannski ekki á Kvennalistanum að halda. Allir flokkarnir töldu sig hafa sinnt þeim málefnum sem við lögðum áherslu á svo sem félagsmálunum, og flestir töldu sig hafa nóg af konum. Við fórum seint af stað, framboðið var nýtt í bænum og kannski ekki nægilega kynnt. Ef til vill voru blöðin okkar ekki nógu pólitisk. Kosningabaráttan okkar var hefðbundin. Fjölmíðlarnir voru okkur ekki hliðhollir frekar en Kvennalistanum yfirleitt. Umræðurnar síðustu dagana snerust mikið um íþróttahöllina og þar komu kvennalistakonur lítið við sögu en segja má að þar höfum við farið svolitið eins og köttur í kringum heitan graut og ekki grætt á því. Öll kosningabaráttan var mjög ómálefna leg

- skítkast, hanaslagur, allir sameiginlegir fundir þannig. Svona mætti eflaust lengi telja og munum við vonandi fá tækifæri til að ræða gengi Kvennalistans nánar á þessu þingi.

En við Kópavogskonur erum flestar held ég sáttar við að hafa gert þessa tilraun, þrátt fyrir að ýmislegt sé nú að gerast í kjölfar kosninganna sem okkur hafði aldrei órað fyrir eins og t.d. að bæjarstjóranum yrði varpað niður í fallhlíf á sjálfan þjóðhátiðardaginn og fleiri þess konar skemmtilegheit. Þó svo að við höfum ekki komið konu inn í bæjarstjórn og konum í nefndir eins og okkur dreymdi, tel ég að við höfum þegar haft áhrif - komum örlítilli kvennabaráttu inn í umræðuna. Ýttum við fólk þó svo fleiri þyrðu ekki að kjósa okkur. Árið 1990 spruttu upp úr grásrótinni í Kópavoginum margir nýir sprotar, nýjar kvennalistakonur svo og gamlar kvenfrelsiskonur, fullar af orku og hugmyndum sem glæða starf okkar sem eldri erum í Kvennalistanum nýju lífi. Þó svo að við höfum ekki eignast bæjarfulltrúa höfum við ákveðnar skyldur gagnvart því fólk sem kaus okkur og hyggjumst við fylgjast vel með öllu því sem er að gerast í bænum og reyna að hafa áhrif eins og kostur er. Við ætlum að halda ótrauðar áfram. Það er nóg af spennandi verkefnum.

Guðbjörg Emilsdóttir